

Miðvikudaginn 14. mars 1979.

Nr. 16/1978. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Bryndísi Valbjörnsdóttur
 (Hjörtur Torfason hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.
 Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Arnar Guðmundsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þ. á m. sakavottorð ákærðu, umsögn um góða ástundun hennar við menntaskólanám óslitið síðan haustið 1977 og yfirlýsingar vinnuveitenda hennar um, að hún hafi reynst ötul í starfi.

Eftir ósk ákærðu var máli þessu skotið til Hæstaréttar. Samkvæmt áfrýjunarstefnu var dómnum og áfrýjað af ákærvaldsins hálfu til þyngingar, en við flutning málsins hér fyrir dómi féll ríkissaksóknari frá þeirri kröfu, sbr. 176. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákæruliður 1. Ákærða viðurkennir, svo sem í héraðsdómi greinir, að hafa í aprilmánuði 1975 keypt 20 gr af hassi af Róbert Emanuel Glad og galdið fyrir það alls 10.000 krónur. Með þessari játningu ákærðu og þegar virt eru samskipti hennar og nefnds Róberts með fíkniefni þykir þetta brot hennar sannað.

Ákæruliður 2. Ákærða játar að hafa hinn 14. júlí 1974 að beiðni áðurnefnds Róberts flutt hass hingað inn í landið frá Luxemburg, geymt það á heimili sínu að Kötlufell 1 hér í borg þar til um mánaðamót júlí og ágúst s. á. og neytt sjálf um 5 gr af því. Í sakadómi hinn 30. september 1975 ber hún að hafa séð fíkniefni þetta vegið í íbúð í Luxemburg og það þá reynst 1500 gr að þyngd. Enn fremur viðurkennir ákærða,

að Magnús Jón Kjartansson hljómlistarmaður hafi að beiðni hennar séð um sölu á megninu af fíkniefni þessu á Keflavíkurlflugvelli og hún fengið í hendur fyrir sölu þessa 4.000 dollara, en hann telur ákærðu alls hafa afhent 1540 gr, þar af hafi hann og þeir Jóhannes Rúnar Magnússon og Guðleifur Sveinn Kristjánsson, sem starfa á Keflavíkurlflugvelli, fengið samtals 150 gr af hassi í þóknun fyrir sölu þess. Eru framburðir þeirra um sölubóknunina í samræmi við framburð Magnúsar. Með eigin játningu ákærðu og samkvæmt öðrum sakargögnum, sem nánar eru reifuð í héraðsdómi, þykir sannað, að ákærða hafi flutt inn í landið um 1500 gr af hassi hinn 14. júlí 1975 og framið önnur þau brot, er í ákærulið þessum greinir.

Ákæruliður 3. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um, að ákærða hafi gerst sek um brot þau, er í ákærulið þessum getur, þó þannig, að eigi verður talið í ljós leitt, að hún hafi afhent Jóhannesi Rúnari Magnússyni til sölu meira af hassi en 170 gr.

Í ákæruskjali eru brot ákærðu réttilega heimfærð til laga-ákvaða.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Þegar litið er til aldurs ákærðu, náinna tengsla hennar við Róbert Glád svo og þess, er fram er komið um hagi hennar, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fullnustu refsingar hennar skuli fresta og hún niður falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, samtals 180.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, sæti fangelsi 6 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún nið-

ur falla að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkis-sjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 180.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda í máli þessu að öðru leyti en því, að ég tel að staðfesta beri ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 22. júlí 1977.

Málið, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað með ákæru, dags. 25. janúar 1977, gegn Bryndísi Valbjörnsdóttur, Kötlufelli 1, Reykjavík, fæddri þar í borg 3. janúar 1957, fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

„1. Í apríl 1975 í Reykjavík keypt 20 grömm af hassi af Róbert Glad fyrir kr. 10.000.

2. Hinn 14. júlí 1975 flutt hingað til lands frá Luxemburg um 1500 grömm af hassi til sölu hérlandis fyrir Róbert Glad, haft efnið í vörslum sínum á heimili sínu að Kötlufelli 1 og neytt um 5 gramma af því. Um mánaðamótin júlí/ágúst í Ytri-Njarðvík afhent efnið Magnúsi Jóni Kjartanssyni, sem tók að sér að sjá um sölu þess á 6.50 bandaríkjadali hvert gramm og fá sjálfur 130-140 grömm fyrir. Nokkru síðar tekið við 4.000 bandaríkjadölum frá Magnúsi Jóni á heimili hans í Ytri-Njarðvík og hinn 7. ágúst 1975 flutt peningana til Róberts Glad í Luxemburg.

3. Hinn 31. ágúst 1975 flutt hingað til lands um 350 grömm af hassi, að mestu til sölu hérlandis, fyrir Róbert Glad, haft efnið í vörslum sínum á heimili sínu, um miðjan september sama ár að

Greniteigi 8 í Keflavík afhent allt að 290 grömmum af efninu Jóhannesi Rúnari Magnússyni, sem skyldi sjá um sölu þess á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

Teljast framangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, sem er fædd 3. janúar 1957 í Reykjavík, er sakhæf og hefur hvorki sætt kæru né refsingu áður, svo kunnugt sé.

MÁLSATVIK.

Þann 21. september 1975 hófst hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum rannsókn á meintu fíkniefnasmygli og dreifingu Róberts Glad, sem daginn áður hafði verið handtekinn við komu hingað til lands með töluvert af fíkniefnum í fórum sínum.

Rannsókn málsins í heild reyndist allumfangsmikil, og sætti Róbert Glad m. a. um tveggja mánaða gæsluvarðhaldi. Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, var fljótlega kölluð til yfirheyrslu vegna gruns um aðild að meintu smygli Róberts, og var hún m. a. fjórum sinnum yfirheyrð í dómi 24. september til 1. október. Ástæða ítrekaðra yfirheyrslna var sú, að ákærða gaf ósamræmda og ranga framburði framan af. Verður nú rakið það helsta í framburði ákærðu og annarra í málinu.

Vinskapur var milli ákærðu Bryndísar og Róberts Glad þegar á árinu 1974, og það sumar fóru þau m. a. í skemmtiferð um hin ýmsu lönd Evrópu og alla leið til Marokkó. Að einhverju leyti slettist upp á vinskapinn í febrúarmánuði 1975, og fyrir páska það ár hélt Róbert Glad einn síns liðs til Luxemburg. Hann var stutt í þeirri för, og ber Bryndís að hafa séð í hans fórum að Miðtúni 32, eftir að hann kom heim, hassefni í plötuformi, sennilega um 200 gr. Af efni þessu kvaðst hún hafa keypt til eigin nota 20 gr á 500 kr. grammið og greitt Róbert 10.000 kr. Síðar segir hún Róbert bréflega hafa lofað sér 20 gr án gjalds, og efni það ætlaði hún að selja á 800 kr. gr, en ekkert orðið af því, að Róbert sendi efnið. Róbert hélt utan aftur í maímánuði, að sögn þá til lengri dvalar, enda hugðist hann fá sér vinnu þar í landi. Þau Bryndís og Róbert skrifuðust á á þessu tímabili, og

var ákveðið þeirra í milli, að Bryndís kæmi út til Róberts þá um sumarið. Róbert kom óvænt í nokkurra daga heimsókn hingað til lands í byrjun júní, og ætlaði Bryndís þá með honum utan, en náði ekki með skömmum fyrirvara að afla fjár til að leysa út ferðamannagjaldeyri og hélt því utan á eftir honum 10. júní 1975.

Í Luxemburg bjó Róbert í íbúð, sem tveir piltar, starfandi hjá Cargolux, höfðu, og þar fékk Bryndís einnig inni. Fram hefur komið, að mjög gestkvæmt var í þessari íbúð og fíkniefni oft um hönd höfð. Seinni partinn í júní héldu þau Bryndís og Róbert til Amsterdam, og kvaðst Bryndís hafa haft óljósan grun um, að hann ætlaði að kaupa fíkniefni. Róbert keypti þar hassefni, en Bryndís var ekki viðstödd viðskiptin, en sá efnið strax eftir kaup. Róbert flutti hassið frá Hollandi til Luxemburg í íbúð þá, sem áður getur. Þar voru efnin geymd í tvær vikur, og á þeim tíma var lítillaga eytt til nota dveljenda í íbúð. Róbert kvaðst hafa keypt 1500 gr af Nepal- eða Pakistanhassi, en Bryndís, sem sá efnið vigtað, telur það hafa verið Marokkóhass. Stuttu eftir efniskaup í Amsterdam bað Róbert Bryndísi að flytja efnið með sér hingað til lands, þá er hún héldi heim. Ekki var rætt um neina þóknun Bryndísi til handa og dreifingu ekki að öðru leyti en því, að Róbert bað Bryndísi að tala við Magnús Kjartansson hljómlistarmann, og átti hún að biðja hann að aðstoða við sölu.

Bryndís hélt frá Luxemburg 14. júlí 1975 og gekk frá efnismagni öllu í ferðatösku. Sama dag kom hún efnum í gegnum tollskoðun á Keflavíkurflugvelli og flutti þau heim til sín í Kötlufell 1, Reykjavík. Þar kvaðst hún hafa geymt efnið óhreyft í allt að tveim vikum, eða fram í lok júlí, og á því tímabili tileinkað sér til eigin nota smámola, sennilega 5 gr. Bryndís sneri sér þá til Magnúsar Kjartanssonar hljómlistarmanns, þar sem hann bjó í Ytri-Njarðvík, og sagði honum, að hún væri með efni frá Róbert, sem þyrfti að seljast helst fyrir 5-7 bandaríkjadali grammið. Úr varð, að Magnús tók við efni til sölu. Þetta var alveg um mánaðamótin júlí/ágúst 1975.

Í framburði Bryndíisar kemur fram, að hún hafi farið með allt efnið til hans og sennilega 4. — 5. ágúst haft samband við hann og í framhaldi af því farið heim til hans og mótttekið 4.000 dali sem söluandvirði hluta efnisins. Magnús hafi síðan sagt, að meira fé kæmi síðar. Hún bar og, að þeim Magnúsi hafi samist svo, að hann skyldi fá efni fyrir sinn þátt í málinu og hafi hann raunar tekið 130-140 gr.

Í framburði Magnúsar kemur fram, að hann sagði Bryndísi hafa haft samband við sig u. þ. b. tveimur vikum fyrir verslunarmannahelgi og beðið sig að koma á markað 1540 gr af hassi. Kvaðst hann hafa svarað því til, að hann hefði ekki sambönd til slíks, en hann skyldi þó athuga málið. Síðan kvaðst hann hafa náð sambandi við Bandaríkjamann, Wagner að nafni, sem kvaðst fús að taka 500 gr. Magnús kvaðst hafa látið Bryndísi vita þetta og hafi hún komið með 500 gr til sín u. þ. b. viku eftir verslunarmannahelgi. Magnús hélt með efnið upp á Keflavíkurflugvöll til Wagners varnarliðsmanns og afhenti honum efnið gegn 1.200 \$ greiðslu. Fé það kvaðst Magnús hafa afhent Bryndísi síðar um kvöldið, en hún beið á heimili hans. Magnús segir Bryndísi hafa komið aftur nokkrum dögum síðar og þá með um 1100 gr af hassi, sem Magnús segir þá Jóhannes Rúnar Magnússon og Guðleif Svein Kristjánsson hafa tekið til sölu í tvennu lagi, og eftir það hafi hann ekki haft afskipti af málinu önnur en þau að boðsenda Bryndísi 600 \$ til Luxemburg með eiginkonu sinni. Magnús sagðist ásamt Guðleifi og Jóhannesi hafa fengið samtals 150 gr sem þóknun.

Í framburðum Guðleifs Kristjánssonar og Jóhannesar Rúnars Magnússonar kom fram, að þeir sögðust hafa fengið 75 gr í þóknun fyrir að selja efni fyrir Magnús Kjartansson, og átti hann að fá 75 gr fyrir að koma slíku í umferð fyrir Bryndísi Valbjörnsdóttur. Nokkuð óljós er framburður Guðleifs annars vegar og Jóhannesar hins vegar um dreifingu efnanna, en Jóhannes telur, að þeir hafi tekið við samtals frá Magnúsi 435 + 470 gr, en Guðleifur telur, að hann hafi samtals tekið við um 1300 gr, þar í reyndar 100 gr, sem tekin voru aftur af Wagner varnarliða, sem gat ekki staðið fyllilega í skilum með greiðslur. Salan var í öllum tilfellum til varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli. Magnús hins vegar taldi heildarmagnið hafa verið 1540 gr, nefndi hann ákveðinn kaupanda, Wagner, að 400 gr, sagði Guðleif og Jóhannes hafa mótttekið 990 gr, en 150 gr hafi verið þóknun til allra þriggja.

Bryndís hefur ekki viljað fullyrða um ákveðið efnismagn nákvæmar en svo, að það hafi verið 1300-1500 gr, enda hún aldrei vigtað það allt í einu.

Varðandi greiðslur kemur fram, að Jóhannes segir þá hafa afhent Bryndísi einu sinni, er hún var heima hjá Magnúsi, 1700 \$.

Í ágúst, er Bryndís var komin með hluta söluandvirðis, ákvað hún að halda til Luxemburg og afhenda Róbert féð, um 4.000 \$. Hélt hún til Luxemburg og framkvæmdi fyrirætlun sína. Róbert

staðfesti, en kvaðst ekki muna peningafjárhæð nákvæmlega, en taldi það vera 4-5.000 \$.

Þau Bryndís og Róbert fengu lánaðan bíl Jóhanns, sem starfar hjá Cargolux, og héldu akandi með íslenskri stúlku, Ágústu Daníelsdóttur, til Parísar, en þar stundaði hún nám, en jafnframt var búið að ákveða að halda í verslunarerindum til Amsterdam og m. a. kaupa hass, sem Bryndís féllst á að flytja til Íslands fyrir Róbert. Þau voru í Amsterdam seinni partinn í ágúst og dvöldust þar í nokkra daga. Þar keypti Róbert hassefni, en ekki ber þeim saman um efnismagnið. Bryndís var ekki viðstöðd kaupin, en segist hafa séð efnið strax við komu til Luxemburg og sagði það Marokkóhass um 300 gr, þ. e. a. s. efnið, sem hún flutti til Íslands fyrir Róbert. Í samprófun þeirra Bryndísar og Róberts bætti hún við, að auk þess hefði verið 50 gr af svörtu efni, sem Róbert hafi sérstaklega tekið fram, að ætti að geyma fyrir hann, þangað til hann kæmi. Róbert hins vegar segir, að efnismagn í þessari ferð hafi vissulega verið Marokkóhass að mestu, en lítið eitt minna heldur en við fyrri kaup. Bryndís segir Róbert ekki hafa lagt hart að sér við sölu á þessu efni, er heim kæmi.

Er til Íslands kom, 31. ágúst, eða nánar rétt eftir það, í byrjun september, hafði Bryndís samband við Jóhannes Rúnar í Keflavík og fól honum að selja fyrir sig efni fyrir 5 \$ gr. Hún kvaðst hafa látið hann hafa 290 gr, en hann segist hafa tekið við 160-170 gr. Engar greiðslur höfðu átt sér stað, er málið komst upp, og reyndar kvaðst Jóhannes ekki hafa selt neitt af þessu, en við handtöku hans í Keflavík vísaði hann lögreglu á 130 gr.

Verjandi ákærðu, Hjörtur Torfason, hefur í skriflegri vörn gert þær dómkröfur í fyrsta lagi, að frestað verði ákvörðun refsingar fyrir brot þau, sem ákært er út af, með skilyrðum um hæfilegan tíma, en til vara, að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa, og að fullnustu refsingar verði frestað skilorðsbundið um hæfilegan tíma. Þá gerir verjandi kröfu um hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

NIÐURSTÖÐUR.

Verður þá tekin afstaða til ákærunnar og fjallað um hvern ákærulið fyrir sig.

Ákæruliður 1.

Með eigin framburði ákærðu Bryndísar telst nægilega sannað,

að hún hafi í apríl 1975 keypt 20 grömm af hassi fyrir 10.000 kr. af Róbert Glad og notað efnið sjálf.

Með atferli þessu hefur ákærða Bryndís gerst brotleg við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974 og þannig unnið til refsingar.

Ákæruliður 2.

Með eigin játningu ákærðu, sem og er studd öðrum gögnum málsins, telst sannað, sem í ákæruskjali greinir, að ákærða Bryndís hafi 14. júlí 1975 flutt hingað til lands frá Luxemburg um 1500 grömm af hassi til sölu hérlendis fyrir Róbert Glad, haft efnið í vörslum sínum á heimili sínu að Kötlufellu 1 og neytt um 5 gramma af því. Síðar, eða um mánaðamótin júlí/ágúst, í Ytri-Njarðvík afhent efnið Magnúsi Jóni Kjartanssyni, sem tók að sér að sjá um sölu þess á 6.50 bandaríkjadali hvert gramm gegn greiðslu í efni fyrir. Þá er og sannað, að ákærða hafi nokkru síðar tekið við um 4.000 bandaríkjadölum sem söluandvirði og hinn 7. ágúst 1975 flutt Róbert Glad þá peninga út til Luxemburg.

Með ofangreindu atferli hefur ákærða Bryndís unnið til refsingar samkvæmt 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákæruliður 3.

Með eigin framburði ákærðu Bryndísar, sem og er studdur öðrum gögnum málsins, telst sannað, að hún hafi hinn 31. ágúst 1975 flutt hingað til lands a. m. k. 350 grömm af hassi, að mestu til sölu hérlendis fyrir Róbert Glad, hún hafi jafnframt haft efnið í vörslum sínum á heimili sínu um nokkurn tíma, en um miðjan september s. á. að Greniteigi 8 í Keflavík afhent allt að 290 grömmum af efninu til Jóhannesar Rúnars Magnússonar, sem ætlaði að sjá um sölu þess á 5 bandaríkjadali hvert gramm.

Með atferli þessu hefur ákærða Bryndís unnið til refsingar samkvæmt 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo vitað sé. Ekki verður séð, að ákærða hafi haft fjárhagslegan ávinning af gerðum sínum.

Í skriflegri vörn hæstaréttarlögmanns Hjartar Torfasonar kem-

ur fram, að hann byggir kröfur um skilorðsbundna refsingu á ungum aldri ákærðu, persónulegum högum hennar fyrr og nú svo og tímabundnum persónutengslum við Róbert Glad.

Íslensk fíkniefnalöggjöf byggir m. a. á kenningum vísindamanna þess efnis, að neysla kannabisefna sé hættuleg heilsu manna. Reynslan hérlendis sýnir, að það er ekki hvað síst ungmenni, sem verða hassneyslu að bráð. Alvarlegust brot eru ólöglegt smygl og dreifing hassefna í miklu magni, og það hefur og sýnt sig, að það eru fyrst og fremst ungmenni, sem þá iðju stunda.

Málsatvikum öllum og aðstæðum þykir ekki þannig háttað, að skilorðsbinding refsingar sé talin við eiga.

Verður refsing ákærðu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber að dæma ákærðu samkvæmt 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögsmanns Hjartar Torfasonar, kr. 25.000.

Dómsorð:

Ákærða, Bryndís Valbjörnsdóttir, sæti fangelsi í 6 mánuði. Ákærða greiði kostnað sakarinnar, þar með kr. 25.000 sem málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögsmanns Hjartar Torfasonar.

Miðvikudaginn 14. mars 1979.

Nr. 14/1977. **Ásta Baldvinsdóttir**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Ragnari Á. Magnússyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.